

AUGLÝSING

um breytingu á gjaldskrá nr. 381/2000 um gjald
vegna stöðvunarbrota í Reykjavík.

1. gr.

Við gjaldskrána bætist ný grein sem verður 3. gr. og breytist töluröð til samræmis. Hin nýja grein er svohljóðandi:

Þegar stöðvunarbrotagjald er greitt innan 3ja virkra daga frá álagningu er heimilt að veita 550 króna staðgreiðsluafslátt. Afslátturinn er aðeins veittur þegar álagningarseðill er greiddur án fyrirvara eða andmæla í bankastofnun, heimabanka eða afgreiðslu bílastæðasjóðs, innan hins tilskilda frests.

2. gr.

Breyting þessi sem borgarstjórn Reykjavíkur hefur samþykkt staðfestist hér með samkvæmt 5. mgr. 108 gr. umferðarlaga, nr. 50/1987, sbr. lög nr. 62/1988, sbr. lög nr. 132/2003, öðlast þegar gildi.

Samgönguráðuneytinu, 22. janúar 2004.

Sturla Böðvarsson.

Ragnhildur Hjaltadóttir.

REGLUGERÐ

um breytingu á reglugerð nr. 63/1994, um frjálsa skráningu
vegna fólksflutninga á milli landa, með síðari breytingum.

1. gr.

1. gr. reglugerðarinnar orðist svo:

Þeir sem í atvinnuskyni hafa með höndum reglubundna fólksflutninga milli landa geta sótt um frjálsa skráningu til skattstjóra. Heimild til skráningar samkvæmt reglugerð þessari nær til flugfélaga, skipafélaga og annarra sem halda uppi reglubundnum fólksflutningum á milli landa. Með reglubundnum fólksflutningum er átt við flug og siglingar með farþega gegn gjaldi samkvæmt fyrirfram gerðri áætlun um fastar og tíðar ferðir.

2. gr.

Reglugerð þessi er sett með stoð í 1. mgr. 6. gr. laga nr. 50/1988, um virðisaukaskatt, með síðari breytingum, og öðlast gildi frá og með 1. janúar 2003. Jafnframt fellur úr gildi reglugerð nr. 786/2003, um breytingu á reglugerð nr. 63/1994, um frjálsa skráningu vegna fólksflutninga á milli landa.

Fjármálaráðuneytinu, 23. janúar 2004.

F. h. r.

Baldur Guðlaugsson.

Elmar Hallgríms.